



Drífa Hjartardóttir formaður
Landbúnaðarnefnd Alþingis
Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/7
komudagur 10. 10. 2003

**NORTH ATLANTIC
SALMON FUND**

SKIPHOLTÍ 35
105 REYKJAVÍK - ICELAND
TEL: +354-568 6277
FAX: +354-588 4758
E-mail: nasf@vortex.is

9. október, 2003

Hjálagt er afrit af bréfi Margot Wallström, European Commissioner for the Environment, dagsett 26. september síðastliðinn.

Vakin er athygli Landbúnaðarnefndar á eftirfarandi í viðkomandi bréfi: "Directive 91/67/EEC concerning animal health conditions applies without prejudice to other Community or national provisions on the conservation of species. The UK or Scottish authorities should verify that all imports comply with the provisions of this Directive and when required also with national rules on the conservation and protection of local fish populations."

Enfremur segir í bréfinu: " I would also stress the need to protect biological diversity."

Ekki verður annað séð en það sama megi gilda fyrir Ísland og að við getum bannað sókn norskra laxa og annarra framandi stofna inn í íslenska náttúru.

Jafnframt skal vakin athygli á afriti af bréfi Veidimálastjóra, dags 14. apríl, 2003, þar sem fram koma upplýsingar um hvað hafi farið í kvíar í Mjóafirði en talningu upp úr kvíunum vantar til að skýrt og skilmerkilega komi fram hvað hugsanlega hafi sloppið úr kvíunum. Þessu hefur ekki verið svarað af opinberum aðilum og er vinsamlegast óskað eftir aðstoð Landbúnaðarnefndar um að fram fari úttekt óháðra sérfræðinga og endurskoðenda til að sannreyna stöðu mála. Væntanlega hefur sami fjöldi unglaxa farið í kvíarnar og til slátrunar. Eyða þarf allri óvissu hið fyrsta. Ekki þarf að tíunda hættuna sem hér gæti verið til staðar og sannreynd hefur verið með löxunum sem sloppið hafa út í hafið og gengið upp í árnar fyrir austan.

Virðingarfyllt,

Orri Vigfússon

MARGOT WALLSTRÖM
MEMBER OF THE EUROPEAN COMMISSION

B-1049 BRUSSELS

Brussels, 26 -09- 2003
HA/bw/DG A(03)21378 - D(03) 6905

Michael Wigan
Borrobol,
Kinbrace,
Sutherland KW11 6UB
Scotland, UK

Dear Mr. Wigan,

PHONE NO. : 01431 831250

Oct. 07

Thank you for your letter of the 2nd July in which you raise your concerns about the possible importation of salmon smolts from Norway to Scotland, and thank you for reminding me of my visit to Amazonia which though seems long ago! As you mentioned in the letter your concerns are shared by Mr O. Vigfusson of the North Atlantic Salmon Fund. Mr Vigfusson has already been in contact with the Commission on the same issue.

Directive 91/67/EEC concerning animal health condition applies without prejudice to other Community or national provisions on the conservation of species. The UK or Scottish authorities should verify that all imports comply with the provisions of this Directive and when required also with national rules on the conservation and protection of local fish populations.

In your letter you focus on potential spread of diseases but I would also stress the need to protect biological diversity. I therefore share your view that we need to be cautious with transports of populations between areas and regions in order not to risk that different genetic populations will become mixed.

Yours sincerely,


Margot WALLSTRÖM



Hr. Orri Vigfússon
North Atlantic Salmon Fund
Skiopholti 35
105 Reykjavík

14. apríl 2003

Varðar merkingar og eftirlit í sjókvíastöðvum

Í bréfi dagsettu 22. janúar síðastliðinn er leitað eftir upplýsingum um örmerkingar á laxi í kvíum á Austfjörðum og eftirliti með starfsemi stöðvanna. Einnig er farið fram á upplýsingar um slátrun og hvað eftir sé í kvíum fyrirtækjanna.

Samkvæmt rekstrarleyfum bar Austlaxi, sem framleiðir innan við 200 lestir, að örmerkja 5 % af þeim laxi, sem settur yrði í kvíar í Seyðisfirði en Sæsilfri í Mjóafirði, sem hefur mun rýmri framleiðsluheimildir, bar að merkja 10 % af útsettum seiðum enda færi kostnaður af merkingum og öðrum rannsóknum ekki yfir 4 milljónir. Tekið skal sérstaklega fram, að embætti veiðimalastjóra reyndi á árinu 2002 að koma á reglugerð varðandi merkingaskyldu eldisfyrirtækja með sjókvíarekstur en málið náði ekki fram að ganga í veiðimalanefnd. Ákvæði um örmerkingu í rekstrarleyfum eru því háð ákvörðun embættisins hverju sinni. Þar sem rekstur í Mjóafirði er mun stórtækari en í Seyðisfirði, miðast eftirfarandi upplýsingar við þá stöð.

Vorið 2001 voru settir út 220 þúsund unglaxar í 5 kvíar kvíar innarlega við Ekru í Mjóafirði. Af þessum seiðum voru 10 % merkt í samræmi við fyrirmæli í rekstrarleyfi. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um dreifingu merktra seiða í kvíarnar enda hefur komið í ljós að jöfn dreifing á merktum seiðum í eldiskvíar geti verið meiri háttar tæknilegt vandamál, þar sem seiði eru örmerkt allt að ári fyrir útsetningu og koma úr mörgum mismunandi eldisstöðvum. Á þessum stað eru eftir 650 lestir, sem verður slátrað fram til 1. júlí. Staðurinn verður síðan hvíldur fram á árið 2004.


Vorið 2002 voru sett út um 1,1 milljónir unglaxa í 14 kvíar við Rima í Mjóafirði. Af þeim seiðum voru merkt tæplega 8 % , þar sem kostnaður vegna merkinga og annarra rannsókna varð meiri en 4 milljónir, sem var hámark útgjalda vegna þessarra þátta samkvæmt rekstrarleyfi. Á þessum stað eru nú um 1500 lestir af laxi, sem væntanlega verður slátrað síðsumars 2003. Sá staður verður síðan hvíldur til vors 2005.

Við Reyki í Mjóafirði verða sett út 1,2 milljónir unglaxa í 14 kvíar vorið 2003. Af þeim hafa verið merkt 120 þúsund (10 %) í samræmi við rekstrarleyfi. Samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðuneytis hafa eldisaðilar fengið úthlutað örmerkjum vegna útsetninga vorið 2003 en eldisaðilar semja sérstaklega við Veiðimalastofnun varðandi ísetningu merkjanna. Lax alinn á þessum stað verður uppistaða í slátrun sumarið 2005 en staðurinn síðan hvíldur til vorsins 2006.

Sem svar við spurningum um starfsreglur, fyrirkomulag eftirlits og staðla sem notaður eru og verða, vil ég benda á hjálögð drög að gátlista og reglugerð, sem nú er til umfjöllunar hjá ráðuneyti og hagsmunaaðilum. Þess er vænst að reglugerðin fái jákvæða umfjöllun og verði sett við fyrstu hentugleika. Ábendingar til embættis veiðimálastjóra eða landbúnaðarráðuneytis um það sem betur má fara eru vel þegnar.

Að því er varðar beiðni um að fá afrit af skýrslum eftirlitsmanna skal bent á, að embætti veiðimálastjóra og eftirlitsmenn eru bundnir þagnarskyldu um upplýsingar, sem þeir fá við framkvæmd eftirlits, sbr. 3. töluliður 97. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

Með kveðju



Arni Ísaksson, veiðimálastjóri